



Reykjavík, 27. ágúst 2018
IE18010006

Borgarráð
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Umsögn: Árshlutareikningur A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar – júní 2018

Innri endurskoðun hefur eftirlit með stjórnarháttum, áhættustýringu og innra eftirliti. Meðal verkefna Innri endurskoðunar á liðnum árum eru úttektir á uppgjörsferli A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar sem er á ábyrgð fjármálaskrifstofu. Endurskoðunarnefnd Reykjavíkurborgar hefur eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila og hefur jafnan farið yfir árshlutareikninga sem lagðir eru fyrir borgarráð. Þar sem skipan endurskoðunarnefndar hefur ekki verið staðfest í borgarstjórn lætur Innri endurskoðun að þessu sinni fylgja umsögn sína um gerð árshlutareiknings A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar – júní 2018. Umsögnin byggir m.a. á úttektum á uppgjörsferli og eftirfylgni þeirra.

Innri endurskoðandi átti fund með lykilstarfsmönnum fjármálaskrifstofu og ytri endurskoðendum um árshlutareikning Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar – júní 2018. Á fundinum var rætt um helstu mál og mikilvæga liði í reikningsskilunum og farið yfir atriði sem varða framsetningu árshlutareikningsins. Innri endurskoðandi og ytri endurskoðendur fengu kynningu fjármálaskrifstofu á helstu niðurstöðum og kennitölum árshlutareikningsins. Á fundinum var jafnframt ytri endurskoðandi Orkuveitu Reykjavíkur en árshlutareikningur Orkuveitunnar hefur töluvert vægi í árshlutareikningi samstæðu Reykjavíkurborgar. Samkvæmt upplýsingum endurskoðenda var árshlutareikningur Orkuveitunnar fyrir tímabilið janúar - júní 2018 áritaður með könnunaráritun endurskoðenda án ábendingar eða fyrirvara. Árshlutareikningur Félagsbústaða janúar – júní 2018 var áritaður með könnunaráritun endurskoðenda án ábendingar eða fyrirvara.

Innri endurskoðun vekur athygli borgarráðs á því að nýtt uppgjörskerfi Unit4 FPM samstæðuuppgjörs- og áætlunarkerfi hefur verið í innleiðingu frá því haustið 2016. Þrír starfshópar voru skipaðir 1. febrúar 2018 um endurskoðun á fjárhagslíkani Reykjavíkurborgar og skulu þeir ljúka störfum fyrir 31. júlí 2019. Markmið eins hópsins er meðal annars að innleiða samræmt uppgjörs- og áætlunarkerfi fyrir A hluta og samstæðu Reykjavíkurborgar og stytta með því vinnslutíma uppgjörsins og auka áreiðanleika.

Innri endurskoðun hefur kynnt sér og vekur athygli á skýrslu fjármálaskrifstofu og greinargerð fagsviða og sjóða A hluta með árshlutareikningnum við framlagningu 6 mánaða uppgjörs Reykjavíkurborgar 2018.

Endurskoðunarnefnd hefur fjallað um skýrslu ytri endurskoðenda til borgarstjóra um innra eftirlit og gert er ráð fyrir að hún muni með sama hætti og áður fylgja þeim ábendingum eftir sem þar eru settar fram.

Ofangreind yfirferð og skoðun á árshlutareikningi borgarinnar fyrir tímabilið janúar – júní 2018 hefur ekki leitt í ljós annað en að árshlutareikningurinn sé gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglur sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga.

Virðingarfyllt,

Hallur Símónarson
innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar